



Borgarráð

### ***Tillaga um framlag til Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna***

Lagt er til að leggja Svanna, lánatryggingasjóði kvenna, til 6.500.000 kr. einskiptis viðbótarframlag á árinu 2021, með fyrirvara um að ríkið, forsætisráðuneyti og atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, leggi til sambærilegt framlag í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum.

#### ***Greinargerð***

Með bréfi, dags. 16. apríl sl., óskaði stjórn Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, eftir auknu fjármagn frá eigendum sjóðsins sem eru Reykjavíkurborg og ríkið, í áföngum til næstu þriggja ára. Eru í erindi stjórnar talin upp í nokkrum liðum rök sjóðsins fyrir stækkun hans og þörf á auknu fjármagni á bilinu 150-250 m.kr. til næstu þriggja ára. Sé tekið mið af hlutfalli Reykjavíkurborgar í stofnframlagi sjóðsins yrði framlag borgarinnar á bilinu 45.000.000 kr. til 75.000.000 kr. til næstu þriggja ára.

Með nýrri samþykkt Svanna frá 8. apríl 2020, var samþykkt að sjóðurinn starfi áfram til næstu fjögurra ára eða frá 1. júní 2020 til 1. júní 2024 en að þeim tíma liðnum skuli tekin ákvörðun um áframhaldandi starfsemi sjóðsins. Fram kemur að staða sjóðsins þann 15. apríl sl. hafi verið 41.229.450 kr. sem standa skal til ábyrgðar núverandi útistandandi lánnum að fjárhæð 23.322.551 kr. auk lánveitinga sjóðsins vorið 2021 að fjárhæð 38.000.000 kr. Einnig fellur þar undir rekstrar- og þjónustukostnaður m.a. laun starfsmanna (20%), laun stjórnar og markaðskostnaður. Er því heildarskuldbinding sjóðsins nú 61.311.551 kr.

Fyrir liggur, að teknu tilliti til þeirrar fjárhæðar sem óskað er eftir að sjóðnum verði lögð til, að ekki er svigrúm til slíkra framlaga. Eins og kunnugt er hefur rekstur borgarinnar verið erfiður á tímum heimsfaraldurs og stendur nú fyrir dyrum úthlutun fjármagns til lögbundinna verkefna sveitarfélagsins fyrir næsta ár. Er því lagt til að sjóðnum verði lagðar til 6.500.000 kr. einskiptis viðbótarframlag árið 2021 með fyrirvara um sambærilegt framlag ríkisins í hlutfalli við aðild sína að sjóðnum, en upprunalega lagði Reykjavíkurborg til 30% af stofnframlögum í á móti 70% framlögum ríkisins. Er því gert ráð fyrir að ríkið leggi til 15.000.000 kr. á móti Reykjavíkurborg og sjóðurinn stækki samtals um 21.500.000 kr.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi Svanna lánatryggingasjóðs kvenna frá 16. apríl 2021.

Umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs v. erindis Svanna, dags. 11. október 2021.

Erindi Svanna - Lánatryggingasjóðs kvenna

Til:

Forsætisráðuneytis

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis

Borgarráðs Reykjavíkur

Undanfarið hefur stjórn Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, farið yfir stöðu sjóðsins, átt fundi með samstarfsaðilum sbr. forstjóra Vinnumálastofnunar og forsvarsmönnum Landsbanka Íslands, ásamt því að ræða sýnileika sjóðsins, stefnu í lánveitingum (nýjar lánareglur) og stöðu umsækjenda sjóðsins til fjármagns (smærri fyrirtæki í eigu og undir stjórn kvenna með það markmið að ýta undir atvinnusköpun með nýsköpun).

Fjármagn í sjóðnum þann 15.04.2021 er nú 41.229.450 kr. og er þeirri upphæð ætlað að dekkja:

- Ábyrgð á núverandi útstandandi lánnum (50% á móti banka)
- Rekstrar- og þjónustukostnað m.a. laun starfsmanna (20%), launum stjórnar og markaðskostnað

Útstandandi lán eru nú 23.322.551 krónur og lánveiting sjóðsins vorið 2021 er 38.000.000 og er því heildarskuldbinding sjóðsins 61.311.551.

Til samanburðar má nefna að styrkir til kvenna í gegnum Atvinnumál kvenna eru um 35 mkr á ári hverju (ca 150 mkr yfir 4 ár) og Tækniþróunarsjóður veitir styrki fyrir mörg hundruð milljónir ár hvert (af þeim fá hugmyndir/fyrirtæki í eigu kvenna um 20%).

Munurinn á þessum tveimur aðilum og Svanna er eftirfarandi:

- Ofangreindir sjóðir veita styrki en Svanni veitir ábyrgð á lánnum með væntu hlutfalli um endurgreiðslu lána á 5 árum. Krafa eigenda Svanna er því endurgreiðsla á stofnfé í lok tímabils en fjármagnið í sjóðnum er ætlað til þess að standa undir ábyrgðum lánanna. Þannig er stór hluti fjármagnsins trygging fyrir þeim lánnum sem Landsbankinn veitir. Sjóðurinn tekur helming af ábyrgð á móti Landsbankanum.

- Svanni veitir ábyrgð á lánnum til starfandi fyrirtækja þegar Atvinnumál kvenna veitir styrki til að þróa hugmynd áfram þ.e. hjá Svanna er krafa um að fyrirtækið hefur hafið störf og því meiri krafa um að atvinnusköpun eigi sér fljótlega stað.

- Fyrirtæki sem sækja um, og fá, styrk til Tækniþróunarsjóðs eru mun tæknidrifnari og með skýrari/mælanlegri mælikvarða á árangur (sem auðveldar þeim að fá fjármagn) en umsóknir um lán til Svanna. Það hamlar nýsköpun og atvinnusköpun í, oft á tíðum, kvenlegri atvinnugeirum.

- Jafnframt eru hlutfallslega fleiri fyrirtæki á landsbyggðinni sem fá ábyrgð hjá Svanna en styrki frá Tækniþróunarsjóði.

- Stærð sjóðs/styrkja er langtum minni hjá Svanna en ofangreindum aðilum.

**Við óskum eftir því að eigendur Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, setji aukið fjármagn í sjóðinn, í áföngum næstu 3 árin.** Rökin á bak við þá ákvörðun:

1. Sjóðurinn er of lítill í dag til að geta haft stefnumarkandi áhrif skv. samþykktum. Lánveitingar eru að meðaltali 3,5 mkr, 5 mkr og 10 mkr.

2. Það er mat Landsbanka Íslands, samstarfsaðila sjóðsins síðustu árin, að upphæð sjóðsins er of lág ásamt því ef ætlunin er að stækka sjóðinn á þessum fjórum árum, þá þarf að upplýsa um það núna:

i. Landsbankinn tekur samstarfssamning Svanna inn á lánanefnd. Skv bankanum þarf heildarumfang sjóðsins næstu 4 árin (lengd samnings við bankann) að vera skýrt þegar ákvörðun er tekin fyrir hjá lánanefnd.

ii. Bankinn telur aukna líkur á því að stjórn Svanna þurfi strax á þessu ári að hafna góðum umsóknum og þar af leiðandi, góðum framtíðarviðskiptavinum bankans, vegna þess að sjóðurinn mun ekki hafa fjármagn til að veita ábyrgð.

3. Það er mat stjórnar og fyrrnefndra tveggja samstarfsaðila að upphæð sjóðsins er of lág til að fara í öflugan markaðssetningu á honum.

i. Nýta markaðsdeild Landsbankans.

ii. Fara í markaðssamtarf með FKA, Atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni o.s.fr.v

iii. Kaupa utanaðkomandi markaðssetningu

4. Það er mat stjórnar og Vinnumálastofnunar að erfitt getur reynst stjórn Svanna að finna samstarfsaðila sem ætlað er að veita ráðgjöf og kennslu við viðskiptaáætlanir og rekstur fyrirtækja. Svanni í gegnum Vinnumálastofnun hefur bent fjölda umsækjenda á atvinnuráðgjafa á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar og námskeiðið Brautargengi á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar ásamt ráðgjöfum hjá atvinnuþróunarfélögum um land allt. Þar sem Nýsköpunarmiðstöðin mun hætta um áramótin þá þarf að hefja samstarf við nýja aðila um þessa þjónustu en reynsla Svanna er að fjöldi fyrirtækja í eigu kvenna þarf leiðsögn við gerð viðskiptaáætlana og fjármögnun.

Það er mat stjórnar Svanna og Landsbankans að **nýtt fjármagn** frá stofnaðilum sjóðsins, forsætisráðuneytinu, atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytinu og Reykjavíkurborg, að **upphæð 150-250 mkr, í áföngum næstu 3 árin**, myndi gefa sjóðnum tækifæri á auknum sýnileika, samstarfi við enn fleiri fyrirtæki um allt land, auka enn frekar atvinnusköpun og vinna að stefnu ríkisstjórnarinnar um að auka atvinnusköpun og nýsköpun hjá konum um allt land. Þessi upphæð skiptist á eigendur í hlutfalli við eignarhlut þeirra í sjóðnum og er ætluð sem trygging fyrir þeim lánum sem útistandandi eru.

Mikilvægt er að ítreka að sjaldnast kemur til eyðslu þessarar upphæðar en hún þarf að vera til staðar sem grundvallartrygging til að góðum umsóknum séu veitt lán.

Með von um að þið takið málefni Svanna - Lánatryggingasjóðs kvenna á dagskrá.

Kær kveðja,  
F. h. stjórnar Svanna  
Tinna Ólafsdóttir, stjórnarformaður

## Umsögn

**Til:** Borgarráðs

**Frá:** Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

**Efni:** Erindi Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, um aukið fjárframlag

Óskað hefur verið eftir viðbrögðum fjármála- og áhættustýringarsviðs við erindi stjórnar Svanna, lánatryggingasjóðs kvenna, sem barst þann 3. júní sl., um aukið fjármagn frá eigendum sjóðsins sem eru Reykjavíkurborg og ríkið, í áföngum til næstu þriggja ára. Eru í erindi stjórnar talin upp í nokkrum liðum rök sjóðsins fyrir stækkun hans og þörf á auknu fjármagni á bilinu 150-250 m.kr. til næstu þriggja ára.

Svanni, lánatryggingasjóður kvenna, var stofnaður árið 1997 af félagsmála- og iðnaðarráðuneytinu (nú forsætisráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið) og Reykjavíkurborg. Hlutverk sjóðsins er að styðja konur til nýsköpunar og þátttöku í atvinnulífinu með því að veita ábyrgðir á lánnum samkvæmt samþykktum og lánareglum sjóðsins. Ekki er um bein fjárframlög að ræða til umsækjenda heldur ábyrgð á lánnum sem Landsbankinn veitir umsækjendum.

Með nýrri samþykkt sjóðsins frá 8. apríl 2020, var samþykkt að sjóðurinn starfi áfram til næstu fjögurra ára eða frá 1. júní 2020 til 1. júní 2024 en að þeim tíma liðnum skuli tekin ákvörðun um áframhaldandi starfsemi sjóðsins. Ekki var gert ráð fyrir að þörf væri á því að styrkja sjóðinn með viðbótarfjármagni á þeim tíma. Staða sjóðsins þann 15. apríl sl. var 41.229.450 kr. sem standa skal til ábyrgðar núverandi útistandandi lánnum að fjárhæð 23.322.551 kr. auk lánveitinga sjóðsins vorið 2021 að fjárhæð 38.000.000 kr. Einnig fellur þar undir rekstrar- og þjónustukostnaður m.a. laun starfsmanna (20%), laun stjórnar og markaðskostnaður. Er því heildarskuldbinding sjóðsins nú 61.311.551 kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur tekið erindi Svanna til skoðunar og telur að verkefnið sé bæði göfugt og hvetji konur til frumkvöðlastarfs með stuðningi sjóðsins. Upprunalega lagði Reykjavíkurborg til 30% af stofnframlögum í sjóðinn, þ.e. 3.000.000 kr. af 10.000.000 kr. stofnframlagi. Sé tekið mið af sama hlutfalli er óskað eftir á bilinu 45.000.000 kr. til 75.000.000 kr. framlagi af hendi borgarinnar til næstu þriggja ára. Í erindinu kemur fram að ábyrgðarskuldbindingar sjóðsins eru hærri en sem nemur eignum hans og að mati Landsbankans sem tekur helming af ábyrgðum á móti sjóðnum, er nauðsynlegt að styrkja hann til frekari útlána á næstu árum. Athygli vekur að í erindi stjórnar Svanna kemur fram að hlutfallslega fleiri fyrirtæki á landsbyggðinni fá ábyrgð hjá Svanna en Tækniþróunarsjóði, sem gerður er samanburður við.

Eins og kunnugt er hefur rekstur borgarinnar verið erfiður á tímum heimsfaraldurs og stendur nú fyrir dyrum úthlutun fjármagns til lögbundinna verkefna sveitarfélagsins fyrir næsta ár. Ekki verður séð að umframfjármagn verði til skiptanna til annarra verkefna en þeirra sem teljast afar nauðsynleg og skuldbindingar eru um. Fram hefur komið vilji ríkisins til þess að styrkja stöðu sjóðsins með einsskiptis

framlagi árið 2021 að fjárhæð 15 m.kr. Sambærilegt framlag borgarinnar væri að fjárhæð 6,5 m.kr. eða um 30% af 21,5 m.kr. viðbótarframlagi. Að því sögðu bendir fjármála- og áhættustýringarsvið á mikilvægi þess að fyrir liggi áætlanir Svanna um lánveitingar og stöðu skuldbindinga ár hvert byggt á erindi sjóðsins um viðbótarfjármagn.



*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.